

Spurningar með bókinni

Þegar Friðrik var Fríða / Þegar Rósa var Ragnar

Góða skemmtun

Hér á forsíðunni kemur mynd eftir einn 4 ára strák, sem er undir textanum ☺

Hér í þessu riti eru nokkrar spurningar sem vakna við lestur bókarinnar „**Þegar Friðrik var Fríða & þegar Rósa var Ragnar**“. Spurningar sem stökkpallur inn í samræðu – spurningar sem gaman er að ræða með börnum.

Við mælum með því að lesa eina opnu í einu og sýna myndirnar með. Eftir lesturinn er gott að spyrja börnin: Hvað var nú skemmtilegast? Skrýtnast? Sorglegast? Áhugaverðast? Flottast? Eða spyrja þau hvað þau vilja ræða! Börnin velja þá samræðupunktinn með sínum orðum og hugmyndum. Mjög gott er að skrifa niður um hvað börnin vilja tala og nota opnar spurningar til að halda samræðuboltanum á lofti. Börnin segja sína hlið á málinu, lýsa hverju þau eru sammála og ósammála, leiðréttu hvert annað og þróa hugmyndir sínar í sameiningu. Börnin stjórna samræðunni að mestu, með því að benda okkur á hvað það er sem fangar áhuga þeirra í textanum eða myndunum en kennarinn þarf alltaf að hafa það í huga að markmið jafnréttisfræðslunnar er að kyn má aldrei hamla, hefta eða loka á óskir.

Góður kennari kennir með því að vera til staðar í orðsins fyllstu merkingu, kennarinn þarf að leggja sig allan fram til þess að skilja, túlka, draga fram forsendur, leiða athyglina að afleiðingum og spyrja börnin spurninga sem leiða þau út úr ógöngum og ýta undir framrás samræðunnar með spurningum eins og: Af hverju? Hvað meinarðu? Hvernig þá? Hvers vegna? Hvað ef? Eruð þið viss? Eigum við að skoða það nánar? Börnin eiga að tjá sig á eigin forsendum og komast að kjarna málsins út frá eigin undrunarefnum.

**Allir eru jafnir, strákar og stelpur mega það sem þau vilja
– kyn á aldrei að hamla, hefta eða loka á óskir.**

Hvað er að vera sterkur?
Hverjir eru sterkir?
Hvernig eru ofurhetjur?
Geta bara strákar verið ofurhetjur?
Eru allir strákar ofurhetjur?

Öfugsnúið

Herbergið breytist – eru breytingar góðar?
Voru hin herbergin í húsinu breytt?

Skoðið dótið í hillunni fyrir ofan rúm Fríðu – Skoðið dótið í leikskólanum.

Önnur opna - Þegar Friðrik var Fríða

Að fara í bleikar buxur - er það svo agalegt?
Að fara í rauðar buxur - er það svo hræðilegt?
Hvaða litur dettur ykkur í hug þegar ég segi:
vondur, góður, skemmtilegur, leiðinlegur
jól, páskar, sumar, vetur, heitt, kalt

Stelpustrákur

Má kalla strák krúsidúllu?
Má kalla stelpu krúsidúllu?

Að grínast - hver var að grínast
Af hverju var mamma skrítin?

Fara í vettvangsferðir og skoða starfsstéttir, hver vinnur hvar.

Fara strákar í dúkkó?
Fá þeir að vera mamman?
Hlutverk í dúkkukrók – hver leikur hvern?

Hvað gerir mamman í dúkkukrók?
Hvað gerir pabbinn í dúkkukrók?
Hvað gerir amman í dúkkukrók?
Hvað gerir afinn í dúkkukrók?
Hvað gerir barnið í dúkkukrók?

Eru pabbar allan daginn í
vinnunni?

Eru mömmur allan daginn í
vinnunni?

Hvað gera pabbar í vinnunni?

Hvað gera mömmur í vinnunni?

Fara í vettvangsferð í dótabúð – skoða stráka- og stelpuvörur.

Eru hákarlar blíðir?
Eru hákarlamömmur blíðar?
Eru hákarlapabbar blíðir?
Eru til hafmeyjar?
Eru til hafmeyjustrákar?
Eru hafmeyjur blíðar?

Hvað er líkt með öllu fólki?
Hvað er ólíkt?

Strákur upplifir að Lísbet
skammti meira en hrósi!
Af hverju ætli hún sé oftast
að skammast í honum?

Tala kennarar eins við
stráka og stelpur?
Hverjir hrósa oftast?
Hverjir skamma oftast?
Ef kennari skammar,
skammar hann stráka og
stelpur eins?

Föndra saman úr allskonar efniviði, hvetja til að prófa eitthvað nýtt.



Að hugsa.
Hvað er hægt að hugsa um?
Hvaðan koma hugsanir?
Hver stjórnar þeim?
Til hvers þarf maður að hugsa?

Ruglingslegt – hvað þýðir það?
Er eitthvað ruglingslegt fyrir hann einan en ekki hin?

Nú er stoppað - bókinni snúið við
og lesið þegar Rósa var Ragnar
Miðjuopnan er lesin síðust

Föndur – Mála strák og breyta honum í stelpu.
Umræða – hvað breytist? Breytist hugsun hans, tilfinningar, áhugamál ...

Hvað mynduð þið gera ef þið vöknúðuð sem stelpa/strákur ?
Hvernig myndi ykkur líða...
Hvað myndi gerast ef kennarinn myndi vakna breyttur?
Hvernig myndi honum líða...
Myndi eitthvað breytast í leikskólanum?

Ef fjölskyldan veit allt um bíla – af hverju veit Rósa/Ragnar ekki líka allt um bíla?
Leika stelpur með kappakstursbílabraut?
- hver keyrir – litla bíla – stóra bíla?
- hver lagar – heima – verkstæði?
- hver þvær?

Leikur

Fara í leik sem snýst um að draga miða sem á stendur heiti starfsgreinar. Börnin velja því fyrir sér hvort þau vilja vinna við það sem þau draga. Segja frá hvað er gert í vinnunni og hverjir vinna þessa vinnu.

Önnur opna – Þegar Rósa var Ragnar

Er skrímslið kona eða karl?
Erum við hrædd við skrímsli?
Hvernig vitum við að skrímsli eru til?

Vani - Hvað er vani?

Hvað erum við vön að:
- leika með?
- borða?
- gera þegar við vöknum?

Morgunverðarborðið!

Hvað er fjölskylda
Rósu að gera?

Hvað gerir þú?

Hvaða verkfæri er best að nota?

Til að vita...	snerta	smakka	lykta	horfa	hlusta
Hvort skrímsli eru til					
Hvort sólin er heit					
Hvort bíll er að koma					
Hvað er í matinn					
Hvort ég er góð manneskja					

Þriðja opna – Þegar Rósa var Ragnar

Setjum á okkur kórónu – hefur eitthvað breyst?
Hverjir bera kórónur í alvörunni?
Gefur kóróna manni vald?

Heitir Albert
Emma?

Stelpulykt!
Hvað er það?

Hvað er keppni?
Af hverju viljum við keppa?
Er hægt að keppa í öllu?
Er keppni góð/vond?

Gera tilraun saman. Finna lykt úr ómerktum glösum.
Setja t.d. í glös smá vanillu, negul, sápu, olíu, jarðaber o.fl.
Reyna síðan að flokka í 3 flokka, stelpu, stráka og sameiginlegt.
Eftir að fyrsta flokkun hefur átt sér stað er rætt saman um hvert glas,
lyktað aftur og spáð betur í lyktirnar – reyna að koma sem flestu í
sameiginlega flokkinn!

Fjórða opna – Þegar Rósa var Ragnar

Fá stelpur yfirleitt að vera markverðir?

Hvernig veit maður hverja þarf að hugga?

Af hverju er Ragnar/Rósa svona á svipinn?

Hverjir klifra?
Hverjir hjálpa?
Hverjir fá hjálp?

Hafa í boði tvær vettvangsferðir á sama tíma og láta börnin skrá sig, til dæmis í klifurferð og skartgripaferð.

Fimmta opna, Þegar Rósa var Ragnar

Hvar er rétti staðurinn til að hugsa málið?
Er maður þá að finna nýjar lausnir?
Er hægt að hugsa ekki?

Haldið þið að þetta hafi verið
erfiðisins virði að vera í marki?

Þarf Ragnar að
hugsa öðruvísi núna
þegar hann er orðinn
Rósa?

Stelputal
Strákatal

Miðjan í bókinni

Áður en opnan er lesin er gaman að búa til leynistað og bjóða börnunum að leika framhaldið – Ragnar og Fríða hittast á leynistað - hlusta eftir því hvað þau segja.

Hvernig vini eigum við?
Eigum við bæði strákavini og stelpuvini?

Pabbi Rósu sækir hana og spyr hvernig í ósköpunum hún hafi getað óhreinkað sig svona...
Hvað á pabbinn við?

Hvað er leynistaður?
Hvernig er leynistaður?
Eiga allir leynistað?

Allir eru jafnir, strákar og stelpur mega það sem þau vilja, kyn á aldrei að hamla, hefta eða loka á óskir.

Hvernig hefði dagurinn ykkar orðið
ef þið hefðuð breyst í einn dag í strák/stelpu?
Yrði allt eins?

Yrði allt eins í leikskólanum?

Vinir ykkar, yrðu þeir eins?

Herbergið ykkar?

Morgunmaturinn?

Leiðin í leikskólann?

Yrðum við – við sjálf?

Hvernig yrði ykkur tekið?

Hvað þarf að gera til að vera það sem maður vill?

Bókin um Friðrik og Rósu er hentug til að ræða um „filinn í stofunni“ – sem aðeins fáir vilja tala um. Það getur nefnilega verið erfitt að ræða um og viðurkenna hve mikið hefðir og dæmigerð norm setja ákveðin og endalaus kynjamörk og takmarka þannig möguleika kynjanna. Í samræðu geta börnin ásamt kennara áttað sig á að leikir, hlutir, fót og litir eru stundum ranglega kynbundin, dót og hegðun þarf að sjálfsögðu ekki að vera kynbundin – dæmigerð viðhorf þurfa ekki að vera rétt viðhorf né skoðun.

Í samræðunni er líka líklegt að kennarinn rýni í eigin barm varðandi viðhorf sín og orðræðu til kynjanna. Líklegt er að kennari velti fyrir sér einföldum hlutum eins og hrósa ég bæði strákum og stelpum (samanber Lísbet í sögunni): Hugga kennarar stráka eins og stelpur? Hvetja kennarar kynin eins?

Öll börn græða á aukinni meðvitund og sjálfsþekkingu, t.d. að stelpa er bara stelpa en ekki staðalímynd eins og birtist oft í barnaefninu. Og eins með strák – hann er bara strákur með margskonar áhugamál og drauma.

Það er allra best að börnin átti sig á að allir eru jafnir, allir mega það sem þeir vilja – kyn á aldrei að hamla, hefta eða loka á óskir. Stíum ekki kynjunum í sundur með þvingunum um að komast ofan í hefðbundinn kynjakassa – **bendum börnunum á hvað við eigum sameiginlegt sem einstaklingar** og að það er líka í lagi að finnast ekki eins! Við erum ekki öll eins sem einstaklingar né sem strákahópur eða stelpuhópur.

Á heimasíðu Lundarsels, <http://lundarsel.akureyri.is> og á <http://jafnrettiiskolum.is>

má finna lengri og ítarlegri kennsluleiðbeiningar
með bókinni *Þegar Friðrik var Fríða / Þegar Rósa var Ragnar*.

**Spurningar með bókinni
”Þegar Friðrik var Fríða / Þegar Rósa var Ragnar“**

er tilvalin í jafnréttisfræðslu með leikskólabörnum. Leikskólakennarar í leikskólanum Lundarseli á Akureyri hafa notað spurningarnar til að opna umræðuna með börnum. Spurningar eins og finna má í þessu hefti.

Bókin fjallar um stelpu sem vaknar einn morguninn sem strákur og um strák sem vaknar sem stelpa og í miðri bókinni hittast þau og leika saman.

Sagan spannar einn hversdagslegan dag, þau vakna í staðalmynduðum stelpu- og strákaherbergjum, borða morgunmat, fara í leikskólann, leika sér og upplifa væntingar og kröfur sem gerðar eru til þeirra út frá kyni. Það eitt og sér að vakna upp einn dag sem hitt kynið er verðugt umhugsunarefni, hvernig yrði dagurinn minn þá, yrði ég – ég sjálf/ur? Hvernig yrði mér tekið?

Jafnréttisumræðan og þælingarnar sem skoppa upp úr bókinni um Friðrik og Rósu eiga svo sannarlega heima í leikskólastarfi.

Bókin var skrifuð af Louise Windfeldt og Þórlaug Baldvinsdóttir leikskólakennari í Lundarseli þýddi bókina ásamt samkennurum.

Kennarar í Lundarseli unnu þetta spurningahefti.